

Djúpavík 1934

Nú er líf og fjör í Djúpavík. Síldin er komin og hér vinnur margt ungt fólk. Hér er mjög stór og glæsileg síldarverksmiðja, fullkomin tækni, fullkomnar vélar og nú er nóg af peningum í Djúpavík. Þetta er ævintýri. „Síldarævintýrið“ í Djúpavík! Margir vilja koma hingað til að vinna. Hér vinnur fólk mjög mikið og fær góð laun. Allir þurfa að fá peninga til að lifa, ekki satt? Fólkið í Djúpavík þakkar fyrir að hafa vinnu. Hér er líka skemmtilegt að vinna og búa. Fólkið býr í tveimur húsum: hús fyrir stelpur og hús fyrir stráka. Ástin blómstrar líka í Djúpavík!

Síldarævintýrið í Djúpavík er búið

Síldin er farin frá Djúpavík. Hér eru engin skip lengur. Ekkert fólk. Verksmiðjan er tóm. Öll hús standa tóm. „Við fáum ekki fiska í dag – og ekki á morgun. Hér eru engir fiskar. Síldin er farin,“ segir forstjórinn í Síldarverksmiðjunni í Djúpavík.

Nú er allt breytt. Áður var Djúpavík full af lífi: fullt af skipum, fullt af konum og körlum, allir glaðir og bjartsýnir. Svo breytist allt. Síldin fer. Já, svona er náttúran. Hún stjórnar öllu. Fólkið stjórnar ekki náttúrunni.

Gleðin í Djúpavík breytist í sorg. Bjartsýnin breytist í svartsýni. „Hvernig verður framtíðin?“ spyr forstjórinn. „Fólkið er atvinnulaust. Fær það nýja vinnu? Allir verða að fá vinnu, mat og húsnaði, það vitum við. Fólkið mitt bíður eftir nýju ævintýri,“ segir forstjórinn að lokum.

Djúpavík í dag

Saga Djúpavíkur er ævintýraleg. Einu sinni var hér mikil vinna og mikið líf. Fólkið vann í verksmiðjunni. Svo fór síldin og þá fór fólkið. En nú er aftur komið fólk til Djúpavíkur.

Djúpavík er nú lifandi staður. Ferðamenn koma á staðinn allt sumarið, íslenskir og útlendir ferðamenn í sumarfrí. Þetta er mjög vinsæll staður. Djúpavík er mikil náttúruparadís.

Verksmiðjan er enn í Djúpavík. Hún segir sögu gamla tímans. Í gamla daga voru allar konur saman í einu húsi. Nú er búið að breyta húsinu í hótél. Hótelið heitir Hótél Djúpavík.

Hótel Djúpavík

PETER: Ha? Býr fólk hérna?

STARFSMAÐUR: Komið þið sæl. Velkomin til Djúpavíkur!

PETER: Takk. Þetta er óskaplega fallegur staður.

STARFSMAÐUR: Já, hér er yndislegt að vera.

SUSAN: Já, en er hægt að sofa hérna?

STARFSMAÐUR: Já já, þú sefur á hótelinu okkar ef þú vilt.

PETER: En getum við fengið mat á hótelinu?

STARFSMAÐUR: Já, auðvitað. Og við erum með mjög góðan kokk hérna. Við bjóðum upp á morgunmat, hádegismat og kvöldmat.

SUSAN: Og hvað verður í matinn í kvöld? Við erum rosalega svöng!

STARFSMAÐUR: Það verður mjög góður matur í kvöld: Saltfiskur með tómötum, ólífum og grænmeti.

SUSAN: Mmm. Saltfiskur er uppáhaldsmaturinn minn.

STARFSMAÐUR: Fínt. Og í eftirrétt fáið þið frægu súkkulaðikökuna okkar með jarðarberjum og rjóma.

SUSAN: Frábært! Við sofum þá örugglega mjög vel eftir matinn.